

Ég ætla að stikla á stóru í sögu rækjuveiða og vinnslu síðasta hálfan annan áratuginn eða svo. Tilefnið er að fámennur, en hávær hópur, manna telur nauðsynlegt að breyta veiðistýringu á rækju ... taka rækjuna úr kvóta. Ein rökin sem nefnd eru fyrir slíkri aðgerð eru að þjóðarbúið hafi orðið af miklum verðmætum vegna þess að útgefinn kvóti, nokkur undangengin ár, hefur ekki verið veiddur.

Úthafsækja var sett í kvóta árið 1988. Meðalveiði úthafsækju, árána frá 1980 til 1988, var um 13 þúsund tonn á ári og hafði aukist jafnt og þétt. Aflinn á fyrsta kvótaárinu var ríflega 25 þúsund tonn. Fyrir kvótasetningu voru einungis örfá skip sem stunduðu þessar veiðar árið um kring. Fyrir flestar útgerðir voru úthafsækjuveiðarveiðar verkefni sem stundað var milli vertíða. Má þar t.d. nefna til loðnuskip og vertíðarbáta. Viðmiðunarár til úthlutunar voru árin 1983 til 1987. Mesta veiðireynslu togara á þessu tímabili höfðu Hafþór RE og Júlíus Havsteen ÞH. Raðsmíðaskipin svo kölluðu, sem flest urðu rækjuveiðiskip, komu ekki inn í veiðina fyrir en síðasta aflareynsluárið eða 1987. Annars var kvótaúthlutunin, á sínum tíma, kapítuli útaf fyrir sig sem ég ætla ekki að fara út í hér, en eðli máls samkvæmt var kvótanum að mestu leiti úthlutað til þeirra sem veiðreynslunna höfðu. En það voru ekkert endilega þeir sem stunduðu þessar veiðar nokkrum árum síðar.

Næstu árin eftir kvótasetningu gerðist það sem við höfum svo oft orðið vitni að eftir að frjálsa framsalinu var komið á. Einstaklingar og félög keyptu upp stóran hluta rækjuaflamarksins, sem var dreift í smáskömmtum á flotann, og sérhæfðu sig í rækjuútgerð og rækjuvinnslu. Sem dæmi má nefna að Rammi hf. eða Þormóður rammi hf. eins og félagið hét þá, fékk einungis örfá tonn út úr fyrstu úthlutun en keypti allan sinn kvóta síðar.

Hér sjáið þið á línuriti hvernig þróunin í veiðunum var. (línurit yfir veiði)

Af ákveðnum “ ” ástæðum læt ég grafið byrja 1994.

Veiðarnar ná hámarki árið 1996 en þá veiddu íslensk skip 89 þúsund tonn af rækju. Þar af eru tæplega 21 þúsund tonn veidd á Fæmingjagrunni en íslensk skip sóttu þangað fyrst árið 1993.

Það er mjög athyglisvert að velta því fyrir sér hvernig flotinn breytist á þessum tíma. Á þessum árum koma inn í rækjuflotann dýrustu og flottustu togarar í Norður Atlantshafi. Má þar nefna Pétur Jónsson RE og Helgu RE.

Viðbragðið og sveigjanleikinn sem útgerðarmenn sýndu í uppgangi rækjuveiðanna, þegar hagnaðar var von, með fjárfestingum í nýjum skipum og nýrri tækni svo sem tveggjatrollaveiðum er ekkert einsdæmi ... heldur miklu frekar dæmigert. (sbr. Makrílinn og kolmunnann þar sem öflugustu og jafnframt dýrustu skip flotans afla íslensku þjóðinni dýrmætrar veiðireynslu.)

Og það sama má segja þegar veiðin dróst saman og skilyrði versnuðu og ekkert blasti við nema stórfellt tap. Þá var viðbragðið það sama. Skipin voru seld, eða fóru til annarra verkefna ef það var mögulegt. Einhverjir þráuðust við lengur en aðrir í þeirri von að úr rættist. Það voru ekki síst þeir sem mikið höfðu fjárfest hvort sem var í veiðiheimildum, skipum eða verksmiðjum í landi.

(línurit 2)

Þessi lína sýnir okkur þróun olíuverðs á sama tímabili. Olíuverð var mjög hagstætt allan tíunda áratuginn. En eftir það hækkaði olíuverð jafnt og þétt og náði hámarki 2008 þegar verðið fór yfir 1.200 dollara tonnið. Ég minnst þess með hryllingi þegar togararnir voru að koma inn eftir viku túra með 12 til 15 tonn af rækju og 30 þúsund lítum af olíu var dælt um borð.

Aflabrogðin og olíuverðið nægðu náttúrulega alveg til þess að gera út af við þessar veiðar. En auðvitað var ein bára ekki stök frekar en venjulega.

Kanadamenn juku sínar veiðar úr um 35 þúsund tonnum 1994 í 140 þúsund tonn tíu árum síðar. Og vel að merkja nánast engin rækja var pilluð í Nýfundnalandi árið 1994 en tíu árum seinna fóru milli sextíu og sjötíu þúsund tonn til pillunnar. Ofan í kaupið bætist svo að á sama tíma verður sprenging í rækjueldi í Asíu og Suður Ameríku.

Til viðbótar við olíuverðshækkun og aflabrest bættist því verðfall afurða og birgðasöfnun.

Afleiðing allra þessara hamfara var auðvitað taprekstur ... mikill taprekstur.

Þriðja línan sínir framlegð útgerðar og vinnslu Ramma hf. frá 1994 til 2004 en þá hættum við rækjuútgerð að sinni. Það má glögg sjá að árin fyrir aldamót eru veltiár í þessari grein. Enda var mikið fjárfest í greininni og fast sótt fram. En umskiptin urðu snögg og hastaleg. Og það má til sannsvegar færa að þeir sem brugðust harðast við og snéru sér að öðru, og sýndu þar með mesta ábyrgð, komust best frá þessu, þá á ég við fyrirtækin, fólkið og byggðarlögin. Það eru nefnilega gömul sannindi og ný að peningar sem tapast í rekstri verða hvorki notaðir til að styrkja aðra starfsemi né byggja upp nýja .. þeir eru tapaðir. Ég verð að viðurkenna að mér rann kalt vatn milli skins og hörunds við að fara yfir þessar gömlu tölur og reikna þær til núvirðis. Frá árinu 2000 til ársins 2007 nam framlegðartap Ramma af rækjuíðnaði, hundruðum milljóna króna. Það er öllum ljóst núna að áfram var haldið allt of leng. En það var búið að binda í þessum rekstri mikið fé, allur kvótinn keyptur, skip voru keypt og öðrum breytt og fjöldi fólks vann við þetta á sjó og í landi sem í fljótu bragði hafði ekki að öðru að hverfa. Það var því auðvelt, þó það væri kannski ekki raunsætt, að láta undan voninni um betri tíð með blóm í haga.

Nú er það svo að það er ekkert nýtt að Íslenskur útvegur glími við óáran, því miður.

Heimildir eru í lögum sem gera það kleift að hjálpa útgerðum sem orðið hafa fyrir því að stofn, sem þær eru háðar, hrynur. Þá er hægt að létta aðeins undir með þeim, *tímabundið*, þannig að aflaheimildir eru teknar frá öðrum útgerðum og færðar, *tímabundið*, til þeirra sem orðið hafa fyrir hamförunum. Ég veit ekki annað en um þetta hafi ríkt sátt meðal útgerðarmanna.

Ég man þó ekki til þess að nokkur rækjuútgerð hafi ætlast til þess að fá bætur eða hjálp þegar þessar hamfarir riðu yfir þó líklega megi færa fyrir því nokkur rök að tilefni hafi verið til.

Eins og oftast hefði verið best að fá að vera í friði og njóta afskiptaleyfis stjórnvalda. En því var nú ekki að heilsa. Bjargræðið að þessu sinni fólst í því að byggðarlögum, þar sem rækjuútgerðir höfðu orðið fyrir miklum skakkaföllum, var úthlutaður sérstakur byggðakvóti sem svo þessi sömu byggðarlög fengu að úthluta nánast eftir geðþótta, þrátt fyrir að í reglugerð væri kveðið á um að úthlutun skyldi byggjast á almennum hlutlægum reglum og gæta skyldi jafnræðis. Í fleiri en einu tilfelli virkaði þetta þannig að aflaheimildir í þorski voru teknar af rækjuútgerðum og þeim úthlutað á báta í viðkomandi byggðalagi sem aldrei höfðu nálægt rækjuútgerð komið en fengu ekkert til baka sjálfar. Þannig var aukið á vandann með illa grunduðum stjórnvaldsaðgerðum.

Nú er ýmislegt sem bendir til þess að grundvöllur sé að skapast til þess að gera út á rækju á ný og hefur allnokkur fjöldi báta og togara stundað veiðar á þessu ári með ágætum árangri. Fyrir utan að veiðin hefur verið þokkaleg eru nokkrir aðrir þættir sem gera þessa útgerð mögulega á ný. Þó olía sé enn mjög dýr hefur hún lækkað umtalsvert frá því þegar hún var dýrust. Mikilvæg breyting varð á kjarasamningum árið 2003 um það bil sem veiðarnar voru að leggjast af. (þegar ég segi leggjast af þá á ég við í því mæli sem var á velmektarárunum . Einn eða fleiri bátar hafa stundað veiðarnar í nokkra mánuð árhvert allan tímann. )

Reglur sem heimila notkun svo kallaðs yfirpoka skipta gríðarlega miklu máli, en meðafli, einkum grálúða, er verulegur hluti aflaverðmætis skipanna. Framboð afurða frá öðrum þjóðum hefur dregist saman og verð hefur hækkað og eftirspurn aukist. Gengi krónunnar skiptir hér líka verulegu máli.

Nú eru sem sé að skapast skilyrði til þess að fyrirtækin geti aftur farið að nýta fjárfestingu í kvóta, skipum , verksmiðjum og þekkingu sem spannar allann ferilinn frá veiðum til neytanda.

Þá berast af því fréttir að ráðherra hafi skipað starfshóp sem meðal annars á að “Koma með tillögu að því hvernig best er að koma við fiskveiðistjórnun í stofni við þær aðstæður sem rækjustofninn býr við í dag og skoða fýsileika þess að heimila frjálsar veiðar með einhverskonar sóknarstýringu.”

Við skipan í þessa nefnd kaus ráðherra að sniðganga þá sem stundað hafa rækjuveiðar og vinnslu. Fólk sem á einum stuttum fundi hefði geta skýrt út fyrir ráðherranum hversvegna veiðarnar voru ekki arðbærar fyrir fyrirtækin og hvers vegna þær voru líka óhagkvæmar fyrir þjóðarbúið, samanber það sem sagt hefur verið hér að framan. Maður hlýtur að spyrja sig afhverju leitaði ráðherra ekki til manna úr greininni. Mér er það hulið. Markmið ráðherrans með skipan þessarrar nefndar eru mér einnig ráðgáta.

Er markmiðið að stuðla að því að rækjuveiðnaðurinn verði arðbær og samkeppnisfær á alþjóða markaði og skapi tryggja vinnu til sjós og lands? Tæplega hjálpar sóknarmark þar til. Kerfi sem innfelur kapphlaup og soun og er ekki til þess fallið að stuðla að hagkvæmni og stöðugleika. Það er ekki að ástæðulausu sem við höfum valið að nota ekki sóknarmark við stjórn fiskveiða.

Ég ætla bara að leyfa mér að vona, að í þessum efnum, hlíti ráðherrann ekki ráðum formanns Frjálslyndaflokksins, sem nú er í vinnu hjá honum, né heldur hlaupi hann eftir illa grunduðum skoðunum þeirra Samfylkingarþingmanna sem kjósa að fara fram með ofstæki og innantómum frösum. Þeim gengur ekkert gott til.

Að lokum vil ég segja það að agnúar sem kunna að vera á núgildandi lögum s.s að aflamark í úthafs rækju myndar framsalsrétt í öðrum tegundum og fleira, er auðvelt og sjálfsagt að breyta. Þá er líka affarasælast, svo góður árangur náist, að hafa samráð við þá sem í greininni starfa ... samráð á borði ekki bara í orði.

